

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

RH-80-05

Dunhaga 3 - 107 Reykjavík

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI

1900 - 1929

eftir

KJARTAN OTTÓSSON

Reykjavík 1980

FORMÁLI

Í samantekt þessari, sem samin var á Raunvísindastofnun Háskólans sumarið 1979 að beiðni Sveinbjörns Björnssonar, prófessors, er safnað saman upplýsingum um jarðskjálfta, sem fundist hafa á Íslandi á tímabilinu 1900-1929. Þegar eru komnar út skýrslur um jarðskjálfta á Íslandi á tímabilinu 1930-1959 eftir Eysteín Tryggvason, fyrrum jarðskjálftafræðing á Veðurstofu, síðan dósent og nú jarðeðlisfræðing á Norrænu eldfjalla-stöðinni í Reykjavík. (Eysteinn Tryggvason: Jarðskjálftar á Íslandi 1930-1939, RH-78-21, do. 1940-1949, RH-78-22 og 1950-1959, RH-79-6). Sá er munur á þeirri samantekt, sem hér liggur fyrir, og samantektum Eysteins, að hann tekur einnig með jarðskjálfta, sem ekki hafa fundist, en hafa komið fram á jarðskjálfta-mælum í Reykjavík, en hér er öllum slíkum skjálftum sleppt. Að öðru leyti er þessi samantekt í ýmsum meginráttum sniðin eftir skýrslum Eysteins, uppsetning m.a. sú sama. Um jarðskjálfta á Íslandi fyrir 1900 hefur Þorvaldur Thoroddsen skrifað eftir öllum þeim heimildum, sem hann náði til, í bókunum "Landskjálftar á Íslandi" (Kaupmannahöfn 1899 og 1905), og "Geschichte der isländischen Vulkane" (Kbh. 1925, bls. 380-458, nær reyndar allt til ársins 1908).

Þess er ekki vænst, að í þessari samantekt sé allt tínt til, sem hægt er að finna um jarðskjálfta, sem fundust á tímabilinu, enda þótt megináhersla hafi verið lögð á að safna sem mestu saman. Sú samantekt, sem hér liggur fyrir, á aðeins að vera bráðabirgðayfirlit og grundvöllur frekari rannsókna enda voru verkinu skorður settar. Lítið hefur verið unnið úr þeim heimildum, sem safnað hefur verið. Eflaust hafa einhverjar villur slæðst inn við samantekt þessa, enda sérstaklega hætt við því í verki af þessu tagi, þurri upptalningu staðreynda. Vonandi eru þær þó ekki fleiri og stórvægilegri en efni standa til.

Í samantekt þessari er að jafnaði fyrst greint frá því, hvar og hvernig jarðskjálftinn hefur fundist. Tími er staðar-tími, nema annars sé getið. Oft er vafamál, hve mikið er að

marka tíma þegar skjálfti fannst, einkum til sveita. Síðan koma niðurstöður mælinga og seinni rannsókna á skjálftunum, ef um slíkt er að ræða. Uppsetning tímasetninga er með ýmsu móti í heimildunum, og hvað varðar skjálfta til og með 1909 var sá kostur tekinn við vélritun að samræma þær, einnig í tilvitnunum. Feitletrun í upphafi smáklausa í blöðum er og yfirleitt ekki auðkennd hér. Að öðru leyti eiga tilvitnanir að vera stafréttar. Hér er gert meira að því en í skýrslum Eysteins að fjalla í einu lagi um skjálftahrinur sem stóðu fleiri daga en einn samfleytt eða með stuttu millibili, ef upptök allra skjálftanna virðast vera á sömu slóðum, og sérstaklega ef lítið er að segja um hvern dag fyrir sig. Þó er yfirleitt ekki fjallað í einu lagi um skjálfta, sem urðu hver í sínum mánuði, og þess er ávallt gætt, að tímaröð raskist ekki. Yfirleitt eiga allir skjálftar, sem fjallað er um í einu og sama númeri, að hafa sömu upptök, og er því vel til, að tvö númer falli á sama dag.

Heimildir eru mjög mismunandi eftir árum þess tímabils, sem hér um ræðir. Eina samfellda yfirlitið um allt tímabilið er í Vít Kárník: Seismicity of the European Area/1, Dordrecht 1969, en það tekur aðeins til skjálfta stærri en 4 1/4 stig eða þar um bil, og skjálfta, sem höfðu áhrifin VI stig eða meira. Bók Kárníks hefur ekki að geyma neinar upplýsingar beint úr frumheimildum, svo sem lýsingar á skjálftum eða upptalningar staða þar sem þeir fundust, en er einkum gagnleg fyrir það, að byggt er á upplýsingum frá erlendum stöðvum, t.d. um stærð skjálfta og staðsetningu, einkum þeirra er áttu upptök sín úti í sjó. Aðrar heimildir en Kárník hafa ekki verið kannaðar sérstaklega í leit að niðurstöðum erlendra jarðskjálftastöðva. Kárník gefur upp, nema annars sé getið hér á eftir, sem heimild sína fyrir allt þetta tímabil handrit Eysteins Tryggvasonar: Earthquake catalogue of Iceland, 1924-1955, en það nær aðeins yfir lítinn hluta tímabilsins, og hefur ekki hafst uppi á heimild Kárníks um árin fyrir 1924. Grein Þorkels Þorkelssonar, Earthquakes in Reykjavík (ÞPER), hefur að marki að telja upp alla skjálfta, sem fundust í Reykjavík og höfðu áhrifin III stig eða meira og meta áhrif þeirra. Eins og Þorkell bendir á,

ofmetur hann áhrif vægustu skjálftanna frekar en hitt, a.m.k. seinni árin, en greinin nær einkum yfir tímabilið 1800-1935. Eg hef gert ráð fyrir því, að í greininni væri að finna dagsetningar svo til allra skjálfta, sem vitað er til að hafi fundist í Reykjavík á umræddu tímabili.

Um jarðskjálfta á Íslandi fyrstu ár aldarinnar, til og með 1908, er yfirlit í bók Þorvalds Thoroddsen, Geschichte der isländischen Vulkane. Um árin 1903-8 er einnig yfirlit í grein E.G.Harboe; Meddelelser om Jordskæl og Vulkanudbrud, 1910, (H'10). Í grein sinni, Das isländische Erdbeben am 22. Januar 1910 (H'12), tilfærir Harboe einnig það, sem segir frá jarðskjálftum í dagbók Reykjanesvita til og með árinu 1910. Fyrsta áratug aldarinnar eru flestir þeir skjálftar, sem hér er getið, skjálftar sem fundist hafa í Reykjanesvita. Þetta stafar að sjálfsögðu mest af eðli heimildanna. Harboe gefur einnig yfirlit um jarðskjálfta á Íslandi 1909-1913 í annarrigrein, Meddelelser om Jordskæl og Vulkanudbrud í Danmark med Bilande í Tidsrummet 1909-1913, sem út kom 1915 (H'15). Jarðskjálftamælingar hófust á Íslandi árið 1909, en þá var settur upp mælir í Reykjavík að tilhlutan alþjóðasamtaka jarðskjálftafræðinga, og voru blöð mælisins send til Strassborgar til úrvinnslu. Þessar mælingar hættu er stríð skall á árið 1914. (Sjá grein Eysteins Tryggvasonar, Jarðskjálftamælingar á Íslandi 1909-1951, í Veðráttunni, Ársyfirliti 1951). Nú hefur Ólafur Guðmundsson, jarðeðlisfræðinemi, lesið úr blöðum mælisins fyrir árin 1910-1914 (óprentað handrit), og er þess getið í samantekt þessari, ef skjálftar virðast hafa mælst á þann mæli, en heimildar ekki getið í hvert skipti. Úr yfirlitum þeim, sem hér hafa verið nefnd, fengust dagsetningar skjálfta. Síðan var farið í fréttablöðin og leitað lýsinga á þessum skjálftum. Áður en dagblöð byrjuðu að koma út hérlendis, var leitað lýsinga í öllum blöðum, sem til greina komu, oftar en hitt með heldur rýrum árangri. Tryggt þótti, að fáir eða engir skjálftar, sem yfirleitt var hægt að fá fregnir af, hefðu farið fram hjá Þorvaldi Thoroddsen, þ.e. til og með 1908. Hins vegar reyndist yfirlit Harboe gloppótt. Var því farið yfir allt "Norðurland"

frá 1909-1919 til að leita að skjálftum, sem fundust á Akureyri, og allt, sem út kom af "Suðurlandi" á Eyrarbakka (13. júní 1910- 8.janúar 1917) til að finna skjálfta á Suðurlandsundirlendinu, en um jarðskjálfta í Reykjavík var treyst á grein Þorkels. Auk þess fór Ólafur Guðmundsson yfir Vísi og "Ingólf" 1913 og Morgunblaðið 1913 og fram til 20. apríl 1914. Um árin 1914-1919 var ekki til neitt yfirlit, sem tók til alls landsins, aðeins grein Þorkels um landskjálfta í Reykjavík. Þar fengust því dagsetningar skjálfta utan Reykjavíkur með ofangreindum yfirlestri "Norðurlands" og "Suðurlands", en að öðru leyti var svipað að staðið og fyrr. Lítillega var grennslast fyrir um það, hvar dagbækur Reykjanesvita voru niðurkomnar, en þar fundust ekki. Vantaði því upplýsingar úr dagbókinni um jarðskjálfta eftir 1910 og allt til 1924, er "Veðráttan" hefur göngu sína. Til að bæta aðeins úr þessu var farið í bókina "Vitar Íslands í 50 ár", Reykjavík 1928, en þar er á 13.-15. bls tekið upp það sem dagbækur Reykjanesvita segja um meiriháttar jarðskjálfta. Um árin 1920-1922 er til grein eftir Þorkel Þorkelsson, Landskjálftar á Íslandi 1920-1922, í Tímariti Verkfræðingafélagsins 1923. Var tímans vegna látið nægja að taka það upp, sem þar segir, og ekki leitað í dagblöðunum. Um árið 1923 er aðeins til grein Þorkels um jarðskjálfta í Reykjavík. Var því farið yfir dagbók "Lögréttu" það ár og blaðið "Íslending" á Akureyri, auk þess sem leitað var að lýsingum á skjálftum, sem vitað var um, í dagblöðunum.

Með árinu 1924 verða mikil umskipti hvað varðar heimildir um jarðskjálfta á Íslandi. Þá byrjar Veðráttan að koma út, en þar er getið þeirra skjálfta, sem fundist hafa í hverjum mánuði. Hefur varla fundist skjálfti við samantekt þessa, sem ekki er getið í Veðráttunni. Með árinu 1924 hefst handrit Eysteins Tryggvasonar, Earthquake Catalogue of Iceland. Hefur hann aðallega byggt á Veðráttunni, en einnig á ýmsum gögnum Veðurstofunnar, veðurskýrslum, veðurbókum, veðurskeytabókum, dagbókum veðurathugunarmanna og bréfasafni Veðurstofunnar, en mér er ókunnugt um, hvernig þeirri heimildaleit hefur verið háttað í einstökum atriðum. Hins vegar virðist Eysteinn lítið hafa

leitað til blaðanna á þessu tímabili. Heimildir þær, sem Eysteinn hefur safnað úr gögnum Veðurstofunnar, hefur hann góðfúslega léð mér. Ná þær reyndar lengra aftur en til 1924, en geta aðeins einstöku skjálfta fyrir þann tíma. Ég hef alltaf vitnað beint í heimild Eysteins, þegar hún hefur fundist. Eysteinn gefur alltaf hnattstöðu upptaka skjálftanna í skrá sinni, en þegar skjálftinn hefur aðeins fundist á einum stað, setur hann upptökin í næsta nágrenni staðarins, og eru þau þá ekki tilfærð hér. Eysteinn hefur yfirleitt metið áhrif skjálfta, sem kallaðir eru vægir eða litlir á III stig, og áhrif skjálfta, sem kallaðir eru snarpir o.þ.h. á V stig, og er þess ekki heldur getið hér í hvert sinn. Stundum gefur Eysteinn upp stærð skjálftanna eftir línuritum mælanna í Reykjavík, og er þess ávallt getið. Ekki hef ég farið jafnrækilega yfir fréttablöðin frá og með 1924 og fyrir þann tíma, og undir lok tímabilsins var yfirleitt aðeins farið í dagblöðin, en ekki blöð, sem komu strjalar út. Í ársbyrjun 1925 hófust aftur jarðskjálftamælingar í Reykjavík, en ekki var byrjað að vinna úr mælingunum fyrr en frá og með árinu 1926 (sjá ofan nefnda grein Eysteins um jarðskjálftamælingar). Hafa niðurstöðurnar verið gefnar út fjölritaðar í "Seismological Bulletin", sem fyrst var reyndar kallað "Seismological Report". Þess er getið í samantekt þessari, ef skjálftar þeir, sem fundist hafa, hafa komið fram á mæli í Reykjavík, og er gefin upp fjarlægð upptaka eftir "Seismological Bulletin". Tími er staðartími, nema annars sé getið. Um jarðskjálfta á Reykjanesskaga er stuðst við samantekt Þórunnar Skaftadóttur á Veðurstofu Íslands: Jarðskjálftar á Reykjanesskaga (ópr. vélrit [1977]), en hún kemur aðeins við sögu hvað snertir fáeina skjálfta síðustu árin. Heimilda um einstaka skjálfta er getið þar sem um þá er fjallað. (Þetta eru skjálftar nr. 04-2, 10-1, 12-1, 13-1, 18-2, 27-4 og 29-8).

Raunvísindastofnun Háskólans,
september 1979

Kjartan Ottósson

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1900

00 - 1. 15. og 16. janúar 1900. Jarðhræringar í Reykjanesvita (H'12, 38).

00 - 2. 2. febrúar 1900. Jarðhræringar í Reykjanesvita (H'12, 38).

00 - 3. 6. apríl 1900. Jarðhræringar í Reykjanesvita. E.t.v. sama og 00 - 4. (H'12,38).

00 - 4. 7. apríl 1900. "Jarðskjálftar allsnarpir" fundust í Reykjavík (Fjallkonan 11. apr. 1900). "Ísafold" segir svo frá (7. apr. 1900): "Landskjálfta varð vart hér í nótt; hristingur um kl. 4, þrír kippir, hinn fyrsti snöggur nokkuð, og 1 kl. 5". Áhrif í Reykjavík III (ÞÐER).

00 - 5. 22. og 23. apríl 1900. Í Reykjanesvita 6 kippir þ. 22., þar af 2 sterkir, áframhaldandi hræringar þ. 23. (H'12, 38).

00 - 6. 27. nóvember 1900. Í Reykjanesvita sterkur kippur kl. 8:10 e.h. (H'12, 38).

00 - 7. 1. desember 1900. Í Reykjanesvita hræringar kl. 1:35 e.h. (H'12, 38).

00 - 8. 17. desember 1900. Jarðhræringar í Reykjanesvita (H'12,38).

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1901

01 - 1. 4. janúar 1901. Jarðhræringar í Reykjanesvita. (H'12, 38).

01 - 2. 17. janúar 1901. Í Reykjanesvita jarðhræringar

kl. 3:30 f.h. (H'12, 38).

01 - 3. 3. febrúar 1901. Jarðhræringar í Reykjanesvita (H'12, 38).

01 - 04. 27. mars 1901. Í Reykjanesvita jarðhræringar kl. 5:10 f.h. (H'12, 38).

01 - 5. 7. apríl 1901. Í Reykjanesvita sterkur kippur kl. 9:20 e.h. (H'12, 38).

01 - 6. 2. október 1901. Jarðhræringar í Reykjanesvita (H'12, 38).

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1902

02 - 1. 15. janúar 1902. Jarðhræringar í Reykjanesvita (H'12, 38).

02 - 2. 4. mars 1902. Í Reykjanesvita jarðhræringar kl. 00:15 (H'12, 38).

02 - 3. 29. - 30. mars 1902. Í Reykjanesvita jarðhræringar frá kl. 17 þ. 29. til kl. 11 (f.h.) þ. 30. (H'12, 38).

02 - 4. 29. apríl 1902. Jarðskjálftar í Reykjavík, kl. 1:36 og um 10:40 f.h., tveir kippir. Fjallkonan (29. apr. 1904) segir svo frá: "Jarðskjálfta hefir orðið vart hér, smákippa; í nótt kl. 1:36 og aftur í dag, kl. 10:40 árdegis". Isafold (30. apr. 1902) segir frá á þessa leið: "Landskjálfta varð vart hér í gær kl. 10³/₄ árd., tvær hræringar, ekki snarpar þó, og í fyrrinótt um kl. 1¹/₂ ofurlítil hræring". Þjóðólfur (2. maí 1902) getur allharðs jarðskjálftakipps kl. 10¹/₂ f.h. Áhrif í Reykjavík III (PPER). Skjálftans varð einnig vart á Bessastöðum, Þjóðviljinn (6. maí 1902) getur um jarðskjálftakipp þar, "þó eigi harðan"

kl. 10¹/₂ f.m.

02 - 5. 12. ágúst 1902. Jarðhræringar í Reykjanesvita, byrjuðu hægt kl. 9¹/₂ f.h. og stóðu stöðugt til kl. 18, sterkur kippur kl. 3 e.h. og nóttina eftir, kl. 12 á miðnætti (H'12, 38).

02 - 6. 3. desember 1902. Í Reykjanesvita jarðhræringar kl. 5:10, Þorvaldur Thoroddsen (ÞTV) giskar á eftir hádegi (H'12, 38).

02 - 7. 13. desember 1902. Í Reykjanesvita jarðhræringar kl. 4, ÞTV giskar á eftir hádegi (H'12, 38).

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1903

03 - 1. 28. - 29. október 1903. Í Reykjanesvita jarðhræringar þ. 28. og kl. 22:18 þ. 29. (H'12, 38).

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1904

04 - 1. 15. júní 1904. Jarðskjálfti í Landssveit. Fjallkonan (22. júní 1904) skýrir svo frá þeim: "Jarðskjálfta varð vart í Landssveit í Rangárvallasýslu aðfaranótt 15. þ.m. Fólk vaknaði á flestum eða öllum bæjum sveitarinnar, enda hafði brakað allmikið í húsum, lausir hlutir hrærst og lampar, sem hengu í baðstofum dinglað fram og aftur". "Berlingske Tidende" talar um "býsna öflugar jarðhræringar" ("temmelig stærke Jordrystelser") og að lausir munir hafi fallið (H'10, 384).

Kárník telur upptök jarðskjálftans á 64°N, 20°V, ± 30 km, en það er í Landssveit. Dýpt líklega 5-50 km. Stærð skjálftans áætlað Kárník 4,6, og reiknar þá út frá áhrifunum, sem hann metur sem VI. Bureau Central de L'Association International de Seismologie metur áhrifin sem VII (Kárník).

04 - 2. 2. ágúst 1904. Á Akureyri fundust jarðhræringar kl. 8³/₄ um morguninn (Norðurland 6. ág. 1904). Erlendur hótélgestur segir frá því, að brakað hafi og marrað í hótélínu, vatn í ílátum hafi sveiflast til og frá og glamrað hafi lágt í glösum. Um stundarfjórðungi síðar endurtók sig brakið og sveiflurnar, og mun sá kippur hafa verið vægari. Á Akureyri voru jarðhræringarnar vægar, en á Siglufirði voru þær að sögn skipstjóra nokkurs mun snarpari, og skipin rugguðu ískyggilega mikið. Þessara jarðhræringa varð einnig vart á Sauðárkróki (P. Herrmann: Island II, bls. 246). Í 5 erlendum jarðskjálftastöðvum kom fram veikur skjálfti (H'12, 34).

04 - 3. 28. september 1904. Í Reykjavík varð vart vægrar jarðhræringar kl. 7¹/₂ f.h. Þar sem hún var alveg meinlaus, var henni ekki veitt sérstök athygli (H'10, 385; eftir B.T.). Áhrif í Reykjavík III (ÐÐER).

04 - 4. 13. nóvember 1904. Í Reykjanesvita jarðhræringar (H'12, 38).

04 - 5. 17. - 18. nóvember 1904. Í Reykjanesvita snarpar jarðhræringar kl. 8¹/₂ - 9 e.h. þ. 17., og jarðskjálftakippur kl. 20:25 þ. 18. (H'12, 38).

04 - 6. 27. desember 1904. Í Reykjavík fannst einn snöggur kippur kl. 5 um morguninn (Þjóðólfur 1. jan. 1905). Annar minni kippur fannst seinna um morguninn (Ingólfur 8. jan. 1905). Um fjórðungur Reykvíkinga vaknaði við sterkari kippinn. Kippir þessir ollu engu tjóni, og fundust ekki fyrir austan fjall (H'10, 385; eftir B.T.). Áhrif í Reykjavík III (ÐÐER).

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRÍÐ 1905

05 - 1. 28. - 30. janúar 1905. Tíðir jarðskjálftar á Reykjanesskaga, sem fundust einnig allt austur í Rangárvallasýslu og allt upp á Mýrar.

Upptök telur Kárník nálægt Krísuvík, en þar voru skjálftarnir sterkastir, og fundust jarðhræringar þar allt fram til 10. mars. Frá 29. janúar til 5. febrúar kom þar hver kippurinn á fætur öðrum. Voru þeir allkröftugir og gerðu mikinn skaða á þremur bæjum, Litla Nýjabæ, Vigdísarvöllum og Ísólfskála. Skemmdust þar flest hús, og sum féllu alveg, en hvorki urðu slys á mönnum né húsdýrum. Fram til 10. mars varð á þessum slóðum vart við vægar jarðhræringar við og við, en þær urðu stöðugt veikari (H'10, 387; eftir B.T.). Að sögn blaðsins "Reykjavík" (4. feb. 1905) skekktust eða hrundu öll hús á 2 bæjum, Nýjabæ og Vigdísarvöllum, fólk flúði þá bæi báða, og gripir voru reknir úr húsum.

"Fjallkonan" (10. marz 1905) segir svo frá: "Landskjálftarnir, sem hér voru 28. og 29. jan. hafa orðið langmestir í Krýsivíkurbærnum, voru þar heila viku öðruhvoru, og öll hús á tveimur kotum, Litla-Nýjabæ og Vigdísarvöllum, hálfhrundu og löskuðust. Á Ísólfskála í Grindavík hrundi eldhús og frambærinn skektist".

Einna mest bar á þessum jarðskjálftakippum á Reykjanessfjallgarðinum sums staðar, telur "Þjóðólfur" (3. feb. 1905), t.d. á Vatnsleysuströnd og í Hraunum. "Á Vatnsleysuströnd er sagt, að bæir hafi sumstaðar skemmst lítið eitt og skekkst og víða höfðu menn þar leitt nautgripi út úr fjósunum".

Í Hafnarfirði og þar í grennd kvað meira að skjálftunum en í Reykjavík. "Þjóðviljinn", gefinn út á Bessastöðum, segir svo frá (2. feb. 1905): "Í stöku lélegri torfbæjum þorði fólk eigi að haldast við yfir nóttina; en hvergi urðu þó skaðar að jarðskjálftum þessum hér í grenndinni".

Þessir jarðskjálftar voru ekki sérlega snarpir á Reykjanesi. "Ingólfur" segir svo frá (5. feb. 1905): "Fram við Reykjanessvita koma jarðskjálftar mjög oft, en þar urðu kippir

Þessir ekki meiri en þar er títt, þótt ekki gæti jarðskjálfta annarsstaðar. Þar komu kippirnir úr suðurátt. Botnvörpuskip var úti fyrir Reykjanesi á sunnudaginn og varð vart við mikla ókyrð á sjónum alt í einu. Hæfulaust er það, sem flogið hafði fyrir, að eldur hafi sést þar úti fyrir, að því er vitavörðurinn af Reykjanesi sagði. Að sögn "Þjóðólfs" kvað Reykjanesvitann ekki hafa sakað, "en gafhlæð hrundi þó úr fjárhúsi hjá vitaverðinum".

"Fjallkonan" (3. feb. 1905) segir jarðhræringarnar hafa verið sterkari í Keflavík en Hafnarfirði, en "Reykjavík" telur þá "eftir því sem næst verður komist", álíka og í Reykjavík.

Í Reykjavík fundust eftirtaldir kippir þ. 28. og 29.:

<u>Þ. 28.</u>	<u>Þ. 29.</u>
kl. 3:10 e.h. lítill	kl. 11:07 mjög snarpur
" 5:32 talsverður	" 11:14 lítill
" 5:40 lítill	" 11:21 "
" 7:12 "	" 11:47 "
" 7:13 "	" 11:49 "
" 7:17 "	" 12:00 "
" 7:39 "	" 1:17 nokkur
" 7:42 allsnarpur	" 1:21 "
" 7:46 mjög snarpur	" 2:15 snarpur
" 7:52 lítill	" 2:57 fremur lítill
" 7:53 talsverður	" 2:59 talsverður
" 8:25 snarpur	" 3:00 fremur lítill
" 9:17 lítill	" 4:15 lítill
" 9:24 "	" 5:34 "
	" 5:47 "

Samtals 14 skjálftar

Samtals 15 skjálftar

(Þjóðólfur 3. feb. 1905).

Aðfaranótt 29. varð einnig vart við nokkra smákippi á Bessastöðum, "en lang-snarpastur varð hristingurinn á sunnudaginn 29. janúar kl. rúmlega 11 f.h." (Þjóðviljinn 2. feb. 1905). "Ísafold" segir svo frá (31. jan. 1905):

"Landskjálftar gengu hér 2 daga um helgina, laugardag og sunnudag, býsna-miklir til þess að gera, og mjög tíðir. Ekki snöggsnarpir kippir, eins og 1896, heldur hristingur, hægur að jafnaði, en allharður stundum, t.d. á laugardaginn kl. 3:15 og 5:33; og einkum þó á sunnudaginn 11:11 og 2:30. Hægari hreyfing, töluverð þó, var á laugardaginn um 7³/₄ og nær 8¹/₂ um kveldið, og á sunnudaginn 11:52, 11:56 og 1:26. En smáhristingur miklu oftar. Hlutir hrundu niður af hillum og borðum á efra lofti helzt hér og á Akranesi og í Hafnarfirði". "Reykjavík" segir þannig frá skjálftunum (4. feb. 1905): "Síðari hluta laugardagsins og fyrri hluta Sunnudagsins 28. - 29. f.m. fundust hér landskjálftakippir, hinn fyrsti kl. liðlega 3 síðd. á laugardaginn, síðan kl. 6,³/₄, 7,¹/₄, 7:40, 7:45, 7:48; harðasti kippurinn varð á Sunnud. kl. 11:10; síðan kippir 2:16 og kl. 3 síðd. á Sunnudaginn. En á þessu tímabili voru landskjálftar alltaf öðru hvoru, og kippirnir stundum mjög tíðir. En harðir voru þeir ekki".

"Fjallkonan" segir svo frá (3. feb. 1905): "Kippirnir margir og nokkuð harðir niðri í kvosinni hér í bænum, svo að hlutir hrundu sumstaðar ofan af hillum og borðum. Margir urðu felmtraðir". Þorkell Þorkelsson metur mestu áhrif í Reykjavík 29. jan. sem V, og er það væntanlega skjálftinn kl. 11:07 f.h. (ÞÞER).

"Á Akranesi varð jarðskjálftans vart til muna og eins upp um Borgarfjörð og Mýrar, þó minna. Ólafur Finsen læknir ritar t.d. 30. f.m. "Í gær fundust hér (á Akranesi) 3 kippir, snarpastur kl. 11¹/₂, þá var hér allt á reiðiskjálfi, eg hélt að meðalaskápurinn minn mundi fara um koll. Man ekki eptir að jafn snarpur kippur hafi fundizt hér, þegar mest gekk á um árið (1896)". Sama hafa og sagt bændur í grennd við Hafnarfjörð, að þessi kippur, sunnud. 29. f.m., hafi verið snarpari, heldur en nokkur kippur hafi verið jarðskjálftaárið" (Þjóðólfur 3. feb. 1905). "Reykjavík" telur jarðskjálftakippina hafa verið álíka harða á Akranesi og í Reykjavík.

Jarðhræringa varð einnig vart á Suðurlandsundirlöndinu.

"Einkennilegt er það, að austanfjalls t.d. í Ölfusi varð jarðskjálftanna ekki vart fyr en á mánudaginn 30. f.m. Svo hefur Erlendur vélastjóri á Reykjafossi sagt, að hjá sér hafi ekki borið á þeim fyr, og urðu kippirnir þar allharðir. En á Eyrarbakka og í sunnanverðum Flóa varð þeirra þó vart á sunnudaginn að minnsta kosti". (Þjóðólfur 3. feb. 1905). "Fyrsta fregnin kom af Eyrarbakka, sú að þar hefði orðið ofurlítillar hræringar vart á laugardaginn. Svo fréttist greinilegar með Birni búfræðing Björnssyni frá Gröf. Hann var staddur austur í Fljótshlíð, á Breiðabólstað, á laugardagskvöldið. Þar fanst nokkur skjálfti. Næstu daga á eftir fór hann vestur um Rangárvalla og Árnessýslur og varð landskjálftans var öðruhvorum. Mestir voru þeir á mánudagskveldið í Ölfusi, nokkurir snarpir kippir þá, en engar skemdir. Dunur miklar eða dynkir heyrðust í Ölfusi á mánudagskveld og þriðjudagsnótt, líkast eldgosu í fjarska. Dunurnar virtust koma úr norðri, og ofurlítill hristingur var þeim samfara" (Fjallkonan 3. feb. 1905). Í uppsveitum austanfjalls fundust alls engir jarðskjálftakippir (Reykjavík 4. feb. 1905). Í veðurskýrslum frá Eyrarbakka er getið jarðskjálfta þ. 29. kl. 11 f.h. og 2 e.h., og þ. 30., kl. 4 f.h. (uppskrift Eysteins Tryggvasonar). Ekki var hægt að segja til um það með vissu, hvaða stefnu jarðskjálftabylgjurnar höfðu. Sumir töldu hana hafa verið frá suðri til norðurs (á Reykjanesi: Ingólfur 5. feb. 1905) eða úr suðvestri: "úr suðri, eða lítið vestar" (Reykjavík 4. feb. 1905), "frá suðri til norðurs í stefnunni frá Eldey" (Þjóðólfur 3. feb. 1905). Aðrir töldu stefnuna hafa verið frá suðaustri til norðvesturs (Þjóðviljinn 2. feb. 1905, H'10, 387). Kárník staðsetur jarðskjálftana 28. - 29. janúar á 64°N , 22°W , ± 30 km, en það er milli Kleifarvatns og Hafnarfjarðar. Hann telur stærðina hafa verið 5,6, og reiknar þá út frá mestu áhrifum skjálftans, sem hann áætla VIII. Skjálftinn hafði áhrifin V í allt að 40 km fjarlægð frá upptökum (r_5), en hans varð vart í allt að 120 km fjarlægð (r). Dýpt skjálftans reiknast vera 9 km, og er þá reiknað eftir mestu

fjarlægð frá upptökum, þar sem skjálftinn hafði áhrifin III og áhrifin V (r_3 og r_5).

05 - 2. 6. - 7. september 1905. Í Reykjanesvita miklar jarðhræringar frá kl. 2 e.h. þ. 6. til kl. 2¹/₂ f.h. daginn eftir (H'12, 38).

05 - 3. 15. nóvember 1905. Jarðhræringar fundust á Akureyri og í Holti í Ísafjarðarsýslu. Á Akureyri fannst jarðhræring kl. 1:45 um nóttina, og stóð hún í 2 sekúndur, kl. 5:05 f.h., stóð í 4 til 5 sek., og kl. 5:20 f.h., stóð í u.þ.b. 1 sek. Heimildarmaðurinn lá í rúmi á neðstu (?) hæð hússins (1. Etage). Jarðhræringin kl. 5:05 var sterkust, það brakaði í húsinu, og þvottaborð og þvottaskál hristust töluvert. Síðasta jarðhræringin var veikust (Dansk Meteorologisk Institut, í H '10, 387-88). Heimildarmaður "Berlingske Tidende" skrifar, að morguninn 15. nóvember milli kl. 5 og 6 hafi menn vaknað á Akureyri við allsnarpar jarðhræringar. Snarpasti kippurinn kom um kl. 5:10, og á eftir honum komu tveir veikari. Nokkrir bæjarbúa höfðu fyrr um nóttina fundið veika kippi (H'10, 388). "Norðurland" segir svo frá (18. nóv. 1905): "Á miðvikudagsnóttina var vöknudu menn hér í bænum við allsnarpa jarðskjálftakippi. Fyrsti kippurinn kom um kl. 1, annar um kl. 3. Varð þá enn hlé um stund. Um kl. 5 byrjuðu kippirnir aftur með litlum millibilum. Var sá kippurinn langsnarpastur sem kom kl. 5:10'". Í Holti í Ísafjarðarsýslu fannst einn jarðskjálftakippur um kl. 5 f.h. (H'10, 388). Kárník telur upptök kippisins kl. 5:05 á 66°N, 18°V, ± 30 km, en það er á skaganum milli Eyjafjarðar og Skjálfanda. Stærðin (M_{LH}), reiknuð eftir útslagi yfirborðsbylgna í einni stöð, var 5,5. Áhrifin metur Kárník sem VI. Hámarksfjarlægð þar sem skjálftinn hafði áhrifin V (r_5) var 50 km, en hans varð vart í allt að 200 km fjarlægð (r). A. Sieberg metur áhrif skjálftans sem V. Dýpt, reiknuð eftir r_3 og r_5 (sjá 05 - 1), er u.þ.b. 41 km. Stærð reiknuð

eftir útslagi láréttra P-bylgna í einni stöð (M_{PH}) er 6,4.

Í 13 erlendum jarðskjálftastöðvum kom fram fremur lítill jarðskjálfti (H'12, 34).

05 - 4. Í nóvember 1905 urðu jarðskjálftar við Heklu. "Ingólfur" segir svo frá (26. nóv. 1905): "Landskjálfta hefir nýskeð orðið vart í Rangárvallasýslu í nánd við Heklu og er sagt, að fólk hafi flúið á burt frá Næfurholti, sem er næsti bær við Heklu. Fréttin er eftir manni að austan". Þjóðólfur segir svo frá (9. feb. 1906): "Í nóvembermán. síðastl. kom svo harður kippur efst á Rangárvöllum, að fólk frá Haukadal nálægt Heklu flúði til næsta bæjar".

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1906

06 - 1. 13. janúar 1906. "Jarðskjálftakippur mjög harður fannst austur á Rangárvöllum ... kl. 6 - 7 e.h. Er skrifað þaðan að austan ..., að enginn kippur hafi þar jafnsnarpur komið síðan í jarðskjálftunum miklu 1896. Fólk varð þar víða allhrætt, og hugði ný býsn fyrir höndum". (Þjóðólfur 9. feb. 1906). "Lögrétta" (14. feb. 1906) kallar kippinn aðeins "snöggan". Þessi kippur kvað hafa verið öflugri en kippirnir í nóvember 1905 (H'10, 388; eftir B.T.). Kárník staðsetur þennan kipp á $64^{\circ}N$, $20^{\circ}V$, ± 30 km, en það er í Landssveit. Dýpt skjálftans er 5 - 50 km. Stærð 4,6, reiknuð út frá áhrifunum, sem Kárník metur sem VI.

06 - 2. 15. janúar 1906. Jarðhræring í Grimsey 15. janúar (?) um kl. 5. Heimildarmaðurinn vaknaði við kippinn, sem var aðeins einn og stóð í u.þ.b. 30 sek. Stefna frá suðsuðaustri til norðnorðvesturs. Ekkert sjáanlegt tjón varð af þessari jarðhræringu (H'10, 389; eftir D.M.I.: Matthías Eggertsson).

06 - 3. 14. ágúst 1906. Jarðskjálfti í Reykjanesvita

(H'12,38). Þorkell Þorkelsson segir hann hafa fundist í Reykjavík, áhrif III, en ekki er hans getið í blöðum.

06 - 4. 6. október 1906. Jarðhræring á Akureyri kl. 2:50 e.h. Heimildarmaðurinn var staddur á víðavangi, fann jörðina hristast og heyrði veika dunu. Innan dyra fannst stuttur, öflugur kippur, stóð aðeins nokkur augnablik. Stefnan var frá austri til vesturs. Tjón varð ekkert. Ekki er getið um þessa jarðhræringu á veðurstöðinni á Möðruvöllum í Hörgárdal (H'10, 389; eftir D.M.I.: H. Schiøth o.fl. og B.T.).

06 - 5. 8. - 9. nóvember 1906. Jarðskjálftar á Akureyri. Kl. 10:20 að kvöldi hins 8. kom jarðskjálfti, býsna snarpur kippur ("temmelig stærkt stød"), en ekki langur, og brakaði í húsinu. Um nóttina, þ. 9. kl. 1¹/₄ - 2 nokkrir kippir ("flere Rystelser"), þar af 3 býsna sterkir ("temmelig stærke"), sá fyrsti, kl. 1¹/₄ var öflugastur og stóð allengi. Stefnan frá suðri til norðurs (H'10, 389; eftir D.M.I. og B.T.). "Norðurland" segir svo frá (10. nóv. 1906): "Jarðskjálftar hófust hér að kvöldi hins 8. þ.m. kl. 10¹/₄. Kom þá mjög snarpur kippur svo hús hristust til mikilla muna. Allan fyrri hluta næturinnar fram til kl. 3 voru jarðskjálftakippir meiri og minni. Voru taldir 8 eða 9 kippir alls. Langmest kvað að kipp sem kom kl. 1 og 20 m. Var hann bæði lengstur og snarpastur allra kippanna. Munu flestir bæjarbúar hafa vaknað við hann og stöku menn fóru á fætur". Í ritsímafrétt til "Ísafoldar" (10. nóv. 1906) eru kippirnir sagðir níu, "tveir allsnarpir". Ekki er getið um þessa skjálfta í veðurstöðinni á Möðruvöllum í Hörgárdal. Skjálftar þessir fundust hins vegar í Vopnafirði, en ekki á Seyðisfirði (H'10, 389; eftir D.M.I. og B.T.).

Í 6 erlendum jarðskjálftastöðvum kom fram lítill jarðskjálfti þ. 9. nóvember (H'12, 34).

Kárník staðsetur jarðskjálftann kl. 10:20 þ. 8. á 66°N, 18°V ± 1° [C], en það er á skaganum milli Eyjafjarðar og

Skjálfanda. Upptök skjálftans eru einhvers staðar í jarðskorpunni á 5 - 50 km dýpi. Stærð skjálftans áætlað Kárník 4,6, og reiknað þá út frá áhrifunum, sem hann metur sem VI. Hámarksfjarlægð, þar sem skjálftinn hafði áhrifin II, var 150 km.

06 - 6. 5. desember 1906. Jarðhræringar í Reykjanesvita (H'12, 38). Þorkell Þorkelsson segir þær hafa fundist í Reykjavík, áhrif III, en ekki er þeirra getið í blöðum.

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1907

07 - 1. 12. og 14. janúar 1907. Jarðhræringar í Reykjanesvita (H'12, 38).

07 - 2. 30. janúar 1907. Vægur jarðskjálfti við (á?) Akureyri kl. 9:12 f.h., nokkuð langur ("lítt langtrúkkent") (H'10, 389; eftir D.M.I.). Skjálftans er ekki getið í Akureyrarblöðunum "Norðurlandi" og "Norðra".

07 - 3. 29. mars 1907. Jarðhræringar í Reykjanesvita (H'12, 38).

07 - 4. 18. - 19. júlí 1907. Jarðskjálftar á Akureyri. "Norðri" segir svo frá (19. júlí 1907): "Jarðskjálftakippi snarpa fundu menn hér í gærkveldi kl. 11:30 annan kl. 12:20 og þann síðasta, er var mestur kl. 1:15 í nótt. Kippirnir komu frá suðaustri að því er virtist". "Norðurland" (20. júlí 1907) minnst aðeins á kipp kl. tæplega 1 um nóttina.

07 - 5. 18. - 19. október. Jarðskjálftar í Reykjanesvita (H'12, 38).

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1908

08 - 1. 2. janúar 1908. Jarðskjálfti stöðvaði Reykjanesvita kl. 8 e.h. (H'12, 38). ÞTV telur þetta hafa orðið kl. 8 f.h.

08 - 2. 10. mars 1908. Kl. 3:40 um f.h. jarðskjálfti á Akureyri. Einn kippur, ekki sérlega sterkur, en þó svo að menn vögnuðu við hann (H'10, 389; eftir D.M.I.). "Norðurland" (14. mars 1908) segir svo frá: "Jarðskjálftakippurðu ýmsir hér varir við á miðvikudagsnóttina er var". "Norðri" getur ekki jarðskjálftans.

08 - 3. 14. - 18. október 1908. Þ. 14. kl. 5 e.h. öflugur jarðskjálfti í Reykjanesvita, sem olli því, að kvikasilfrið undir lampanum spýttist út. ÞTV telur þetta hafa orðið kl. 5 f.h. Þar til slökkt var á vitanum kl. 6:35 daginn eftir, fundust alls 30 kippir. Jarðhræringarnar héldu áfram 15., 16., 17. og 18. október (H'12, 38-39). Kárník staðsetur skjálftann kl. 5 (f.h. að hann telur) þ. 14. á 64°N, 23°V, ± 1°, en það er úti í sjó vestur af Reykjaneskaga. Dýpt skjálftans er sennilega 5 - 50 km. Stærðina áætlar Kárník 4,6 eftir áhrifum skjálftans, sem hann metur sem VI.

08 - 4. 25. desember 1908. Jarðskjálfti fannst á Sauðanesi kl. 4:30 f.h. (H'10, 390; eftir D.M.I.).

08 - 5. 26. desember 1908. Jarðskjálfti á Akureyri kl. 5:55, öflugur og ekki ýkja stuttur ("ikke saa kort"). 6 kippir runnu saman í einn, sem var öflugur við upphaf og endi (H'10, 389 - 90; eftir D.M.I.). "Norðurland" (29. des. 1908) segir svo frá: "Landskjálftakippur, snarpur, kom hér nóttina milli 1. og 2. jóladags, um kl. 5:45. Fólk vaknaði víðast hvar við kippinn". "Norðri" kallar jarðskjálftann allharðan", og segir hann hafa verið kl. 6. (30. des. 1908). Vægur skjálfti kom fram í jarðskjálftastöðvunum í Hamborg og Potsdam (H'12, 34).

Kárník staðsetur skjálftann kl. 5:45 á 66°N, 18°V, ± 30 km, en það er á skaganum milli Eyjafjarðar og Skjálfanda. Dýptin er 5 - 50 km. Stærð 4,6, reiknuð eftir áhrifum, sem metin eru sem VI.

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1909

09 - 1. 23. febrúar 1909. Á Stóranúpi fannst stuttur jarðskjálftakippur kl. 3:30 f.h. Stefnan mun hafa verið frá austri til vesturs (H'15, 418; eftir D.M.I.)

09 - 2. 1. - 2. september 1909. Jarðhræringar í Reykjanesvita (H'10, 39).

09 - 3. 21. september 1909. Jarðskjálfti í Reykjanesvita kl. 4:50 e.h. (H'10, 39).

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1910

10 - 1. 22. janúar 1910. Kl. 7.48 um morguninn varð mikill jarðskjálfti fyrir norðan land. Kárník staðsetur hann á 66,5° N og 17°V, en það er norður af Tjörnesi, móts við nyrsta hluta Melrakkaslétts. Hér verður að mestu að láta nægja að vísa til greinar E.G. Harboe, Das isländische Erdbeben am 22. Januar 1910, í Gerlands Beiträge zur Geophysik, XII, bls. 527-540, um áhrif jarðskjálftans, og til greinar E.Tams, Das Epizentrum des Bebens vom 22. Januar 1910, í Gerlands Beiträge zur Geophysik, X, bls. 250-55, en því bætt við, sem umfram það hefur fundist. Jarðskjálftunum á Akureyri lýsir "Norðri" (28. jan. 1910) þannig, að um hálfátta að morgni 22. janúar hafi fundist lítill jarðskjálftakippur, en kl. 7.50 hafi komið annar kippur miklu meiri, "svo hús skulfu mjög og brakaði í hverju tré, lagísinn á höfninni sprakk allur". Segir Norðri að eldri mönnum beri saman um það, að jafn harður jarðskjálfti hafi ekki komið í

Eyjafirði síðan 1872. Síðasti kippurinn sem menn urðu varir við, kom að kvöldi 23. "Norðurland" (27. jan. 1910) segir að menn hafi jafnvel verið að finna jarðskjálftakippi á Akureyri 2-3 daga á eftir.

Kárník staðsetur, eins og áður segir, jarðskjálftann kl. 7.48 á $66,5^{\circ}\text{N}$ og 17°V , $\pm 1^{\circ}$ en dýpt hans er 5-50 km. Stærð skjálftans reiknast Kárník vera 7,3, og er þar byggt á mælaútslagi í 13 jarðskjálftastöðvum. Hámarksáhrif (I_{max}) eru VII. Stærð, reiknuð út frá láréttum P-bylgjum (M_{PH}) er 6,9, og er þar byggt á mælaútslagi í 3 stöðvum, en stærð reiknuð út frá láréttum S-bylgjum er 7,2, byggt á útslagi í 3 stöðvum.

10 - 2. 22. janúar 1910. Kl. 9:45 að staðartíma sama morgun og jarðskjálftinn hér á undan varð talsverður jarðskjálfti vestur undan Reykjanesskaga, og var sá skjálfti fyrst talinn sá sami og Norðurlandsskjálftinn. Um áhrif þessa skjálfta skal vísað til ofanefndra greina þeirra Harboe og Tams. Í Reykjavík varð lítillega vart við jarðskjálfta þennan dag. "Þjóðólfur" (28. jan. 1910) segir, að fáir hafi fundið jarðskjálftakippi og "Reykjavík" (22. jan. 1910) að vart hafi orðið við lítinn landskjálftakipp á sumum stöðum í bænum um morguninn. "Fjallkonan" (26. jan. 1910) segir að tveir kippir hafi fundist um morguninn, og þrír kippir um kvöldið. Þorkell Þorkelsson telur hafa orðið vart við skjálfta með áhrif III í Reykjavík þ. 23. janúar (ekki þann 22.), en aðrar heimildir geta ekki um skjálfta þann dag, og ekki kemur fram svo stór jarðskjálfti á mælinum í Reykjavík að hans ætti að hafa orðið vart.

Kárník staðsetur skjálftann kl. 9.45 þ. 22. jan. á 64°N , 23°V , $\pm 1^{\circ}$, en það er skammt vestur af Reykjanesskaga. Dýpt skjálftans er 5-50 km. Stærð, reiknuð út frá áhrifum, sem Kárník metur á VII, er 5,1.

10 - 3. 5. febrúar 1910. Á Möðruvöllum fannst vægur jarðskjálftakippur kl. 11:50 f.h., og stóð hann í eina sekúndu (V.s.) "Norðurland" á Akureyri segir svo frá 5. feb.: "Jarðskjálftakippi hafa menn fundið hér þessa viku, daglega og stundum

oft á dag. Flestir hafa þessir kippir verið litlir og staðið stutt yfir, en þó sumir æði snarpir og húsin titrað til muna."

10-4. 13. febrúar 1910. Á Möðruvöllum fannst vægur jarðskjálftakippur um kl. 11 e.h. (V.s.).

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1911

11-1. 18. janúar 1911. Vart varð við nokkrar jarðhræringar á Stóranúpi kl. hálf-þrjú til hálf-fjögur e.h. Þessar hræringar stóðu í 2-3 sekúndur, stefna þeirra var úr norðaustri til suðvesturs, og engin óvenjulega hljóð fylgdu þeim, (H'15, 418; eftir D.M.I). Þessir skjálftar virðast hafa komið fram á mælinum í Reykjavík kl. 14:46 og 15:46.

11-2. 6. september 1911. Jarðskjálftakippur, " allsnöggur" fannst á Akureyri kl. 10:15 f.h. "Kippurinn aðeins einn í þetta sinn og mun ekki hafa gert neinn skaða". (Norðurland 9. sept. 1911). "Norðri" getur ekki þessa skjálfta.

11-3. 10. september 1911. Smájarðskjálftakippur ("et lille svagt stød") á Akureyri kl. 11.15 f.h., stóð í 10 sek. og mun hafa komið úr suðvestri. Harboe telur sennilegt, að þetta sé eftirskjálfti skjálftans 1910. (H'15,418; eftir Jónasi Jónassyni gagnfræðaskólakennara á Akureyri). Þessa kippis er ekki getið í Akureyrarblöðunum "Norðra" og "Norðurland".

11-4. 16. september 1911. Jarðskjálftakippur fannst snemma um morguninn á Siglufirði. (Norðurland 16. sept. 1911).

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1912

12-1. 6. maí 1912. Miklir jarðskjálftar á Suðurlandi, með upptök í Landssveit og á Rangárvöllum, 7 að stærð. "Ísafold" fjallar ítarlegast allra blaða um skjálftana, og sendi menn á jarðskjálftasvæðið. Þ. 8. maí skýrir blaðið frá áhrifum skjálftanna í Reykjavík á þessa leið:
"Á mánudaginn um miðaftan varð hér í bæ vart við æði mikinn landskjálftakipp - hinn langmesta síðan landskjálftaárið mikla 1896. Um þennan landskjálftakipp hefir Ísafold aflað sér vitneskju.

hjá Páli Halldórssyni, skólastjóra, því að undir hans gæzlu er eini landskjálftamælirinn hér um slóðir. Skýrsla hans er svolátandi.

Mánudag 6. maí 1912. Hreyfingin byrjaði kl. 6^t 0^m 20^s síðdegis með mjög sterkum kipp úr suðurátt, sem stóð yfir 1^m 40^s. Síðan mjög órótt með smákippum til kl. 6^t 21^m. Fullkomin kyrð komin aftur kl. 6^t 37^m. Smáhreyfing kl. 7^t 37^m Síðan mjög rólegt.

Hér í bæ kvað svo mikið að landskjálftanum, að sitt af hverju lauslegt datt ofan af hillum, t.d. í búðinni Godthaab. Á einum stað í bænum skvettist úr glasi, sem stóð á borði og var þó á því 1 1/4 þml. borð, og á öðrum stað féll stytta af Jóni Sigurðssyni ofan af píanói o.s.frv.

Fólk varð æði hrætt hér í bæ, ekki sízt útlendingar, sem aldrei hafa fundið landskjálfta fyr. Hlupu menn út úr húsum, þegar kippurinn harðnaði.

Engin slys og engar verulegar skemdir hlutust þó af landskjálftanum hér".

Þá er bráðabirgðayfirlit um skemmdir í Rangárvallasýslu, en síðan segir:

"Landskjálfta þessa hefir orðið vart um Suðurland svo langt sem spurst hefir, og í Vestmannaeyjum, en ekki lengra norður og vestur á bóginn en til Akraness.

Miðbik landskjálftans virðist vera kringum Heklu".

Þ. 11. maí er önnur frétt í Ísafold, þar sem segir m.a.:

"Í gærkvöldi átti Ísafold tal við hr. Einar Hjörleifsson, sem þá var kominn austur að Þjórsárbrú og sagði hann þessar helztar fréttir af landskjálftasvæðinu:

Harðir kippir finnast jafnan öðruhvoru, síðast í fyrri nótt, en þó ekki hlotist af neitt tjón síðan á mánudag. [þ.e. 6. maí]...

Í Hrunamannahreppi lítilsh. skemdir á Laugum, Rafnkelsstöðum og Grafarbakka.

Úr Gnúpverjahreppi eigi spurnir af skemdum, nema á dalbæjum svonefndum: Ásólfstöðum og Skriðufelli. Þar eitthvað fallið af útihúsum".

Um "umturnanir á víðavangi" segir þar:

"Tjörn er nálægt bænum Selsundi. Hún þornaði upp. Ennfremur

hvarf bæjarlækurinn.

Á Reyðarvatni fylltist bæjarlækurinn í því bili, er kippurinn kom, og flaut yfir bakkann, en annar lækur nokkru innar, hvarf alveg".

Síra Valdimar vígslubiskup á Stóranúpi ritar "Ísafold" á þessa leið:

"Í gærkvöldi (6. maí) um kl. 6, varð hér stórkostlegur jarðskjálfi, litlu minni að því er virtist en stór-kippirnir 1896. Hann virtist koma frá suður-suðaustri. Kippirnir voru nokkrir; sá fyrri mestur; hefir hann líklega staðið yfir nálægt 1 mínútu. Seinni kippirnir voru bæði vægari og skemri; seinasti kippurinn um kvöldið var nál. kl. 10 1/2. Sumir - þó ekki hér á bæ - fundu og kipp síðari hluta nætur. Síðan hefir verið kyrt fram að þessu (kl. 8 síðdegis).-Frézt hefir frá flestum bæjum hér í hrepp og frá nokkrum bæjum í Ytrahreppnum, en ekki víðar að. Ekki hefir spurst til þess að nokkurs staðar hafi manntjón orðið, en sumir voru þó komnir hætt, einkum þeir, sem staddir voru í kjöllurum, eða niðurgröfnum hlöðum. Skepnutjón er víst ekki til muna, enda flestar skepnur úti, nema kýr og nokkuð af hestum. Á útihúsum urðu skemdir mjög víða, ef ekki allstaðar hér nærlendis, helzt á veggjum, síður á þökum, því að járnþök eru víða. Á bæjarhúsum urðu skemdirnar tiltölulega minni, enda eru flestir bæir hér meira eða minna úr timbri og járn. Búshlutir skemdust talsvert sumstaðar, helzt leirilát, lampar o.fl., sem brothætt er. Á því svæði, sem enn hefir spurst til um, hafa mestar skemdir orðið um efri og eystri hluta Gnúpverjahrepps. En annars eru fréttirnar enn auðvitað mjög ónákvæmar. Eins og í landskjálftanum 1896 grugguðust sumstaðar lækir og lindir og urðu eins og jökul-leðja. Meira er ekki af þessu að segja að svo komnu.

Stóranúpi, 7. maí 1912.

V.B."

Þ. 15. maí er í "Ísafold" bráðabirgðafrétt frá þeim Ólafi Ólafssyni, fríkirkjupresti, og Einari Hjörleifssyni, sem

blaðið sendi austur á jarðskjálftasvæðið. Þar segir m.a.: "Við gátum ekki, eins og öllum hlýtur að skiljast, komið á alla landskjálftabæina. En við höfum fengið fulla vissu um það, að 30 bæir að minsta kosti eru sumpart gjörhrundir, sumpart með öllu óbyggilegir, þó að eitthvað af þeim hangi enn uppi, á efri hluta svæðisins vestan frá Þjórsá og austur undir vesturhluta Eyjafjalla.

Auk þess eru stórkostlegar skemdir á bæjum og útihúsum, þar sem hrunið er ekki algert.

Í Holtum er tjónið ekki afarmikið, þó að þar séu til alfallnir bæir. En á Landinu ofanverðu og Rangárvöllum ofanverðum er aðaltjónið. Merkurbæirnir og Eyvindaholt eru austastir hrumbæir, svo að kunnugt sé".

Þ. 18. maí birtist svo í "Ísafold" endanleg skýrsla þeirra Ólafs og Einars. Skýrslan ber þess merki, að hún á öðrum þræði að hvetja fólk til að aðstoða þá, sem jarðskjálftarnir bitnuðu á. Þó var sá kostur tekinn, að birta skýrsluna óstytta, fyrir utan nokkur aðfaraorð og frásögn af undirbúningi hjálparstarfs. Einar Hjörleifsson skrifaði alla skýrsluna, nema hvað Ólafur Ólafsson skrifaði kaflann um jarðsprungur.

"Jafnvel þeir síra Ólafur Ólafsson og Eyólfur Guðmundsson í Hvammi, sem báðir hafa áður í landskjálftum lent, könnuðust við það, að þeir mundu ekki hafa hugsað sér bæina jafn-illa útleikna eins og sumir þeirra eru, ef þeir hefðu ekki séð þá sjálfir. Aðra eins meðferð á þeim höfðu þeir ekki séð 1896, ekki jafn-algert hrún.

En auðvitað er sú mikla bót í máli, að nú verða hrumbæirnir margfalt færri en þeir voru þá, ef landið heldur nú ekki áfram að hrista sig - sem það vonandi gerir ekki.

Ég tek hrumbæina eftir hreppum, og segi frá því, sem við fengum um þá að vita á þeirri hröðu ferð, sem við urðum að hafa.

Í Holtum.

Fyrsti hrumbærinn, sem við síra Ólafur Ólafsson komum að, er